

Umhverfishópar í Garðabæ 2021 sumarvinna ungs fólks



Brynjar Snær Arnarsson
Yfirflokkstjóri
Umhverfishópa og
Hreinn bær – Betri bær

INNGANGUR	2
UNDIRBÚNINGUR	3
VINNUTILHÖGUN	6
SAMANTEKT HELSTU VERKEFNA	7
UMHIRÐA GRÓÐURBEÐA	7
HEYRAKSTUR OG HIRÐING	10
GRÓÐURSETNINGAR	11
VIÐHALD STÍGA	12
PÖKULÖGN	13
MÁLNINGARVINNA	13
SÉRSTÖK VERKEFNI	14
<i>Sjálandi - Ylströnd</i>	14
<i>Gengið í öll hús á Álfanesi</i>	15
<i>Álfanes – Snyrting gangstétta</i>	15
<i>Hreinsun í kringum áhaldahúsið á Álfanes</i>	16
<i>Trjáskur í kringum tré stofna</i>	17
<i>Ruslatýnsla á Garðaholti</i>	18
<i>Sandahlíð - Brúnarstígur</i>	18
SJÁLANDSHÁTÍÐ	19
FRAMLENGING FLOKKSTJÓRA	20
FYRSTA VIKAN – LÍTIL VERKEFNI	20
ÖNNUR VIKAN – MÁLNINGARVERKEFNI	21
SÍÐASTA VIKAN - STÍGAGERÐ	22
VIÐAUKI	25
ÝMIS VERKEFNI SEM ÉG HEF KOMIÐ AÐ Á EINN EÐA ANNAN HÁTT	25
<i>Atvinnutengd fristundaúrræði fyrir fötluð ungmenni í Garðabæ</i>	25
<i>Ágengar tegundir - kerfill, lúpína, njóli og bjarnarkló</i>	26
<i>Hreiðurstæði fyrir flórgerðann á Vífilstaðavatni</i>	27
LOFTMYNDIR	29
FRAMTÍÐARSÝN SUMARSTARFA	32
NIÐURLAG	33

Skýrsla þessi fjallar um starfsemi umhverfishópa (áður nefnt sumarátak) sem hafa núna verið starfræktir þrettán sumur í röð og var þetta annað árið sem ég hafði umsjón með hópunum. Í skýrslunni verður farið yfir undirbúninginn sem fór fram áður en hóparnir tóku til starfa sem þetta árið var strax eftir páska. Farið verður yfir helstu verkefni sem hóparnir voru að starfa við í sumar og hvað flokkstjórar gerðu á framlengingartímanum. Meðfylgjandi eru viðaukar um ýmis verkefni sem skýrsluhöfundur hefur komið að á einn eða annan hátt. Sýndar verða loftmyndir af ýmsum svæðum innan Garðabæjar þar sem gefin verður innsýn yfir hversu vítt og dreift umhverfishópa fara. Að lokum mun framtíðarsýn skýrsluhöfundar fyrir umhverfishópa vera lögð fram.

Heimsfaraldurinn COVID-19 var ennþá að hafa áhrif á atvinnuleysi í þjóðfélaginu og orsakaði aukna aðsókn ungs fólks í umhverfishópa sumarið 2021, þó var ástandið ekki eins slæmt og árið áður. Það hefur verið skýr vilji bæjaryfirvalda í Garðabæ að leita allra leiða til að tryggja ungu fólki, sérstaklega 17 ára og eldri, sumarvinnu í júní og júlí vegna þess að erfitt hefur verið fyrir ungmenni á þessum aldri að fá sumarvinnu á almennum vinnumarkaði.

Sama stefna var tekin og í fyrra hjá bæjarráði Garðabæjar að öll ungmenni sem sóttu um sumarstörf hjá bænum sem voru á aldrinum 17-25 ára og væru með lögheimili í Garðabæ myndu fá vinnu. Vegna ástandsins í þjóðfélaginu ákvað ríkið að halda áfram að veita fjármagn til Garðabæjar svo að bærinn gæti staðið undir því loforði að veita öllum ungmennum með lögheimili í Garðabæ sumarstarf. Með fjármagni ríkisins fylgdu þær kröfur að ungmennin væru í framhaldsskóla eða háskóla. Úr þessu varð til deildin Hreinn bær - Betri bær.

Umhverfishópar og Hreinn bær – Betri bær unnu að fegrun bæjarins ásamt ýmsum öðrum verkefnum, hreinsun bæjarlandsins með ruslatínslu, heyrakstri, umhirðu gróðurbeða, málningarvinnu, viðhaldi göngustíga, göngustígagerð og heftingu útbreiðslu ágengra tegunda s.s. lúpínu, njóla og kerfils. Trjáskur var lagt í útivistarstíga, gróðurbeð og í kringum aspirnar og birkitré sem sjást við Vífilstaðaveg, Bæjarbraut, Krókamýri, Hnoðraholtbraut, Breiðamýri á Álftanesi o.fl. stöðum.

Undirbúningur

Sumarstörf hjá Garðabæ voru auglýst á ráðningarvef bæjarins, Garðapóstinum, Fréttablaðinu og á síðu bæjarins á Facebook. Opnað var fyrir umsóknir 4. febrúar á ráðningarvef www.gardabaer.is með umsóknarfrest til 8. mars. Eftir að umsóknarfresti til sumarstarfa lauk var hægt að sækja um að komast á biðlista eftir sumarvinnu en þá var ekki hægt að óska eftir sérstökum störfum. Eins og áður hefur komið fram var bæjarráð með sömu stefnu og í fyrra með að öll ungmenni á aldrinum 17-25 ára sem sóttu um starf hjá Garðabæ fengu vinnu hjá bænum.

Ég hóf störf strax eftir páska við undirbúning en þó aðeins á tímavinnusamning þar sem ég var enn þá í háskólanum. Þar sem þetta var annað árið í starfinu var mikil reynsla sem nýttist frá árinu áður þegar kom að því að undirbúa sumarið. Sem dæmi hafði ég betri tengst við starfsmannahóp bæjarins og utanaðkomandi aðilum sem gott var að vera í samstarfi við varðandi verkefni o.fl. Einfaldara var einnig að finna viðeigandi verkefni sem mundu henta vel fyrir stóra hópa að vinna svo allur mannskapurinn gæti nýst sem best.

Hafist var handa við að leita að hentugum flokkstjórum fyrir sumarið. Hafa varð í huga að búist var við að um 150 ungmenni mundu mæta til vinnu. Þeim hefði þurft að skipta niður í 15 manna hópa og þýddi að ráða þyrfti inn um 10 flokkstjóra. Hafa ber einnig í huga að á meðan ráðningar stóðu yfir var hópurinn sem þurfti að skipta niður í vinnuhópa og þarfnaðist flokkstjóra alltaf að breytast. Þegar að fyrstu atvinnuumsóknir bárust voru um 100 manns í umhverfishópum, þar ofan á bættust við þeir sem voru á biðlista. Einnig bættust við þeir sem tóku til starfa undir (ríkisstyrktu) deildinni Hreinn bær – Betri bær.

Til að svona fjölmenn deild geti unnið sín verk á skilvirkan hátt þurfa verkfæri og aðstaða að vera í lagi. Farið var yfir öll þau verkfæri sem voru til og pöntuð fleiri með tilliti til þeirra verkefna sem ákveðið var að skyldu verða unnin í sumar. Enn fremur var gámum sem notaðir voru fyrir geymslu á verkfærum komið fyrir á lykilstaðsetningum og í göngufæri við alla helstu verkstaði sumarsins. Þetta var gert svo að ekki þyrfti að keyra með og ná í verkfærin daglega þar sem verkfærum á alltaf að vera skilað í lok hvers vinnudags.

Staðsetning gáma:

- Gámur fyrir aftan Garðatorg
- Gámur á bílaplani við Fjölbrautarskóla Garðabæjar
- Gámur við Kaupún
- Gámur á opnu svæði við botnlanga Sunnuflatar
- Gámur hjá gömlu þjónustumiðstöð Álfтанess
- Verkfæraskúr og salernisaðstaða við Vífilsstaðavatn sem seinna var fært yfir í Heiðmörk
- Geymsluaðstaða fyrir verkfæri var á svæði þjónustumiðstöðvar Garðabæjar

Til að ég gæti verið með yfirsýn yfir verkefni og hópa og náð að sinna og verkstýra öllu fékk ég leyfi síðasta sumar að leigja annan pallbíll og ráða aðstoðarmann. Þetta tókst vel og varð til þess að allt gekk mikið betur fyrir sig og fleiri verkefni voru tekin yfir sumarið með minni hjálp frá utanaðkomandi aðilum, t.d. með hirðingu á hrúgum sem umhverfishópar sáu alfarið um nema í undantekningaratvikum. Þetta árið óskaði ég eftir því að halda áfram með þá góðu verkferla sem voru útbúnir síðasta sumar og fékk það. Tryggvi Kalmann Jónsson varð fyrir valinu sem bílstjóri umhverfishópa þar sem hann var reyndur flokkstjóri í umhverfishópum og átti að vera hægri hönd yfirflokkestjóra á verkstöðum. Tryggvi sá um að vinnuhóparnir væru ávallt með verkfæri, hrúgur yrðu fjarlægðar og gámar væru opnaðir og læstir í byrjun og lok dags. Ég réð svo Stefaníu Elínu Petersen í að hjálpa honum með bókhaldshliðina. Þau verkefni voru að skrá mætingu og veikindi sumarstarfsmanna inn í launakerfið og sjá um ýmis tilfallandi skrifstofustörf. Þegar hún kláraði sín verkefni hjálpaði hún Tryggva við sín störf.


Það skemmtilega við umhverfishópana er hversu fjölbreyttur og síbreytilegur vinnustaður þeir eru. Um mitt sumar kom upp sú staða að nokkrir starfsmenn innan áhaldahússins höfðu hætt störfum og stóðu vinnubílar þeirra ónotaðir. Fékk ég leyfi til að fá að nýta þá meðan aðstæður voru óbreyttar. Yfir sumarið voru vikur þar sem umhverfishópar höfðu afnot af fjórum vinnubílum sem voru vel nýttir allan tímann, og mættu stjórnendur innan Garðabæjar taka tillit til þess í framtíðinni þar sem full þörf var á þessum fjölda



Mynd: Yfirflokkestjóri með flokkstjórum sem komu á einhvern hátt að bílaflota sem umhverfishópar höfðu aðgang að. Starfsmenn frá vinstri: Tryggvi Kalmann, Stefanía Elín, Árni Gunnar, Ólafur Hálfðán, Brynjar Snær og Halldór Erik

Ég skipulagði fræðsludag fyrir flokkstjóra þann 31. maí og fékk leyfi til að nota þá frábæru aðstöðu sem fundarsalurinn Sveinatunga hefur upp á að bjóða. Eins og ég lagði upp með eftir fræðsludag síðasta sumar var aukið við fræðslu þetta árið til að undirbúa flokkstjóra betur fyrir starfið og horft til þess að þroska og gera fólk að almennt betri starfsmönnum. Námskeiðin sem héldust frá því í fyrra og eru mjög mikilvæg innihéldu fræðslu um skyndihjálp, öryggismál og var Kjaradeild með erindi. Það sem bætist við í ár var að ég fékk Rakel Davíðsdóttur sálfræðing frá vinnuvernd til að fjalla um einelti, Karítas Bjarkardóttur til að fara yfir fræðslu um greiningar, Jóhönnu Kristínu Jóhannsdóttur til að vera með almenna garðyrkjufræðslu og endaði ég dagskrána með því að fara yfir verkferla og undirbúa flokkstjórana fyrir að hitta hópana og byrja sumarið.

Auk flokkstjóra umhverfishópa fengu flokkstjórar úr frístund, garðyrkju- og smíðadeild leyfi til að mæta. Stefnan er alltaf að gera betur og stækka og stefnan núna er að fá að bæta við meiri fræðslu og mögulega teygja þetta yfir á 2 daga svo það sé ekki farið of hratt yfir og fólk geti meðtekið allt efnið og einbeitingin haldist.



Mynd: Yfirflokkstjóri að fara yfir verkferla og undirbúning á fræðsludegi

Vinnutilhögun

Vinnutími ungmenna:

- Fædd 2003 og fyrr unnu í 7 tíma á dag í 7 vikur
- Fædd 2004 unnu 6 tíma á dag í 6 vikur

Hóparnar byrjuðu í tveimur hollum. Vegna atvinnuástandsins í þjóðfélaginu voru ungmenni að bætast við alveg fram að júlí. Samtals unnu 179 manns í umhverfishópum sumarið 2021.

Vinnudagurinn byrjaði kl. 9:00 á morgnana á vinnusvæði þjónustumiðstöðvar Garðabæjar að Lyngási 18. Inn á vinnusvæði þjónustumiðstöðvarinnar var aðsetur umhverfishópa, með skrifstofu og fundarherbergi til fundarhalda.



Mynd: Aðstaða umhverfishópa við Lyngás 18

Vinnutími flokkstjóra var frá kl. 08:00 - 16:00. Mættu þeir á hverjum morgni til verkefnafundar í bækistöð umhverfishópa á vinnusvæði þjónustumiðstöðvarinnar, Lyngási 18. Farið var yfir gærdaginn og verkefni dagsins sem ég hafði undirbúið. Sá tími nýttist einnig til að ræða ýmis mál tengd vinnunni, taka saman verkfæri sem notuð yrðu yfir daginn og einnig voru agamál tekin fyrir sem komið höfðu upp og þurfti að leysa.

Ef flokksstjórar gáfu leyfi fyrir því og létu hópinn sinn sérstaklega vita af því mættu hóparnir stundum beint á verkstaði eða við verkfæragámana. Oft var það þegar hóparnir höfðu mætt áður á staðinn og vissu því hvar þeir áttu að mæta. Þeir hópar sem þurfti að flytja á verkstaði frá aðstöðunni við Lyngás voru fluttir með smárútu s.s. við Vífilsstaðavatn, í Heiðmörk eða út á Álfanes til að nefna nokkra.

Samantekt helstu verkefna

Umhirða gróðurbeða

Trjáreitir á opnum svæðum í Urriðaholti voru í umsjá umhverfishópa. Trjábeðin í Urriðaholti eru í örum uppvexti og þarfnast mikils viðhalds. Enn þá er mikil uppbygging á svæðinu og bætast mun í hópinn fleiri svæði sem hugsa þarf um að hreinsa á næstu árum. Þetta er sem er smá áhyggjuefni þar sem hverfið mun vera mjög mannaflafrekt.

Öll gróðurbeð í Sjálandshverfi voru hreinsuð. Umhirða gróðurbeða í Sjálandi er mjög umfangsmikil enda þéttleiki gróðurbeða þar mikill.


Aftur var farið í það að arfahreinsa og sanda svokallað „Bæhæ-beð“ sem liggur eftir Bæjarbrautinni fyrir neðan Hæðarhverfið. Þetta er eitt af ef ekki það stærsta af þeim beðum sem eru í Garðabæ svo verkefnið var mjög mannaflafrekt og tók sinn tíma að hreinsa allt beðið og sanda svo yfir það allt. Framtíðarsýnin er að skoða þann möguleika að setja trjácurl yfir allt beðið.

Gróðurbeðin upp við hljóðvegginn meðfram Hafnarfjarðarveginum voru hreinsuð og trjácurl sett í þau. Í framhaldinu var farið í beðin í átt að leikskólanum Bæjarbóli.

Fjölmörg fleiri gróðurbeð voru hreinsuð í bænum og kurluð en það væri of langt mál að telja þau öll upp hér.




Mynd: Arfahreinsun á opnu svæði fyrir aftan Bæjarból - Fyrir



Mynd: Arfahreinsun á opnu svæði fyrir aftan Bæjarból - Eftir



Mynd: Arfahreinsun við Hæðarbraut - Fyrir



Mynd: Arfahreinsun við Hæðarbraut - Eftir



Mynd: Arfahreinsun á Sambýli við Sigurhæð 12 - Fyrir



Mynd: Arfahreinsun á Sambýli við Sigurhæð 12 - Eftir



Mynd: Arfahreinsun á beði á botninum á Hegranesi - Fyrir



Mynd: Arfahreinsun á beði á botninum á Hegranesi - Eftir

Heyrakstur og hirðing

Þetta sumarið var heyraðstur og hirðing ekki umfangsmikið verkefni í samanburði við önnur verkefni. Með beiðni frá garðyrkjustjóra Garðabæjar sáu umhverfishóparnir um heyraðstur í bænum eftir sláttuhópa garðyrkjudeildar. Öllu grasi var komið fyrir á jarðgerðarsvæði til moltugerðar.



Mynd: Verið að raka nýslegið gras á möninni milli Kirkjubrekku og Suðurnesvegjar

Gróðursetningar

Þetta sumar þróaðist þannig að mikil aukning var í gróðursetningarverkefnum hjá umhverfishópum á sumarblómum. Mjög gott samstarf var við Jóhönnu garðyrkjufraeðing garðyrkjudeildar en hún sá um að panta blómin og allan undirbúning. Hún var svo í beinu sambandi við mig um hvar þurfti að koma niður blómum sem sendi hóp sem sá um verkið. Til að nefna nokkra staði þar sem gróðursett voru sumarblóm má nefna Garðartorg, Vídalínskirkju, hringtorg á Álftanesi og meðfram Vífilstaðavegi og Bæjarbrautinni.



Mynd: Hópur 5 að koma niður sumarblómum við Bæjarbraut - Fyrir



Mynd: Hópur 5 að koma niður sumarblómum við Bæjarbraut - Eftir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Viðhald stíga

Vífilsstaðavatn er eitt af þeim stöðum þar sem stöðugt þarf að viðhalda innviðum, umferð um vatnið hefur stórauðist seinustu ár og sérstaklega núna á tímum COVID-19. Síðasta sumar var farið í það að bera efni í stíginn umhverfis allt vatnið en ekki var talið nauðsynlegt að fara í það í ár. Það er hins vegar verkefni sem umhverfishópa gera á hverju ári sem er að grafa upp öll vatnsrör og hreinsa úr þeim og frá þeim áður en þau eru sett aftur niður. Þetta er gert svo að vatn renni í gegnum rörin en ekki yfir stíginn og taki með sér yfirborðsefni úr stígnum. Annað verkefni er að grafa upp eða brjóta niður með járnkarli allt grjót í stígnum sem stingst upp úr stígnum sem veldur hættu á því að fólk hrasir um það og meiði sig. Síðasta verkefnið sem umhverfishópar voru settir í á Vífilsstaðavatni var að uppræta ágengar tegundir í kringum vatnið, því miður er mikið af þessum tegundum innan friðlandsins. Markmið mitt var að koma á auðu svæði minnst fimm metrum upp fyrir stíg og alveg niður að vatni, það hefur náðst í kringum næstum allt vatnið.

Skemmtilegt verkefni kom á mitt borð en það spratt út frá samstarfi sem byrjaði þegar ég sat fund með Auði Kjartansdóttur sem er framkvæmdarstjóri Skóræktarfélags Reykjavíkur. Verkefnið sem um ræðir var að fara í endurbætur á göngustígnum sem liggur inn eftir allri Heiðmörk, aðeins var samt verið að fara í hluta af stígnum. Sá hluti byrjaði hjá bílastæðinu innst inn í Heiðmörk oft kennt við Búrfellsgjá því fólk leggur oftast þar þegar það ætlar að labba að gjánni. Efni var lagt í stíginn sem liggur 2 km inn með Heiðmerkurvegi í átt að Garðabæ. Eins og áður var nefnt þá var þetta unnið í samstarfi við Skóræktarfélag Reykjavíkur. Þau útveguðu efni og verktaka sem keyrði því í stíginn, umhverfishópar dreifðu svo úr því og fóru með jarðvegsþjöppu yfir. Verkefnið gekk vel fyrir sig og var klárað á einni viku. Stefnt er að því að auka samstarfið enn frekar við Skóræktarfélagið og fara í fleiri verkefni saman á næsta sumri.



Mynd: Verktaki kemur með efni og sturtar í hrúgur



Mynd: Hópur 11 dreifir úr efninu

Þökulögn

Þökulagnir voru þó nokkuð umfangsmiklar hjá umhverfishópum seinnipart sumars. Til að nefna nokkur verkefni þá voru lagðar grasþökur á um 1000 m² svæði við Bæjargarðinn, tvo sitt hvora 800 m² fótboltavelli í Akrahverfi, 450 m² opið svæði á móti Kirkjubóli, 400 m² mön við nýju gróðurkassana á Álftanesi og aðra aðeins smærri upp í Urriðaholti. Einnig voru lagðir um 1000 m² af Lyngþökum meðfram lóðamörkum og gangstéttum í Prýðihverfi.



Mynd: Opið svæði á móti Kirkjubóli áður en það var tyrft



Mynd: Opið svæði á móti Kirkjubóli eftir að það var tyrft

Málningarvinna

Það var skýr vilji minn í byrjun sumars að umhverfishópar mundu taka að sér málningarverkefni en til þess að það gengi upp þurfti að hafa sérstakan málningarhóp sem væri með lista yfir öll þau verkefni sem þurfti að fara í yfir sumarið. Það var hins vegar ekki tekið undir þá hugmynd og var öðrum starfsmanni undir handleiðslu yfirmanns smíðasviðs garðyrkjudeildar falið það að fara í málningarverkefni sumarsins. Það komst þó á það samkomulag við mig að fá nokkra starfsmenn umhverfishópa til að hjálpa við að mála þegar óskað var eftir því. Það samstarf gekk ágætlega fyrir sig.

Seinni part sumars kom upp sú staða að áðurnefndi starfsmaður sagði upp og stóðu því málningarverkefnin í stað. Leitast var til mín að leysa stöðuna sem ég gerði, meira um það undir liðnum „Framlenging flokkstjóra / Önnur vika – Málningarverkefni“ (bls. 21).

Sérstök verkefni

Mörg aukaverkefni voru framkvæmd sem ekki voru skipulögð fyrir sumarið, sum þeirra komu upp með stuttum fyrirvara eða jafnvel samdægurs. Stundum hringdu einstaklingar beint í mig og fór ég þá á staðinn og mat hvort um væri að um ræða verkefni sem umhverfishópar gætu tekið að sér.

Sjálandi - Ylströnd

Ákveðið var að rífa í burtu og gera nýjar tröppur í Ylströndinni í Sjálandinu. Verkið var unnið í samstarfi milli umhverfishópa og verktaka. Yfirleitt gekk það þannig fyrir sig að verktaki hafði samband við mig og ég senti yfirleitt tvo stóra hópa. Þeirra verkefni var að moka frá sandinum eitt þrep í einu. Þegar búið var að moka sandinum frá í einu þrepi hafði ég sambandi við verktakann sem kom þá og skipti um timbrið í þrepinu og sagaði gamla timbrið niður í smærri einingar. Þegar verktakinn var búinn byrjaði hringrásin aftur nema núna byrjuðu umhverfishópar á að fjarlægðu gamla timbrið sem verktakinn hafði sagað niður áður en byrjað var að moka næsta þrep. Í heildina voru þetta 3 þrep og tók þetta verkefni stóran part af sumrinu að klára.



Mynd: Verið að byrja að moka úr þrepi 2 og fjarlægja gamla timbrið



Mynd: Næstum búið að moka úr þrepi 2

Gengið í öll hús á Álftanesi

Haft var samband við mig um hvort möguleiki væri að umhverfishópa gætu gengið í öll hús á Álftanesi með bréf frá bæjaryfirvöldum með tilkynningu um breytingar á deiluskipulagi og boð á íbúðarfund þar sem breytingar væru kynntar. Reynsla var með svona verkefni frá sumrinu áður þar sem gengið var í öll hús í Ásahverfinu með álík bréf. Það sem skipti mestu máli var að undirbúa allt vel. Úfærði ég það þannig að setja ssama fjölda íbúða/húsa í hverri götu ofan í umslög og skrifaði svo nafnið á götunni á umslagið. Svo var umslögunum deilt niður eftir hverfum á hópá og labbað á milli, einfalt var því að sjá ef eitthvað gleymdist.

Álftanes – Snyrting gangstétta

Síðasta sumar kom fyrirspurn hvort að möguleiki væri að hreinsa gras sem hafði vaxið milli gangstéttar og kantsteins í ákveðnum hverfum á Álftanesi. Keyrði ég í öll hverfin, skrásetti þau sem voru verst útlítandi og sendi svo umhverfishópa til hreinsunar. Allar götur voru hreinsaðar í eftirtöldum hverfum: Kot, Varir, Brekka og Skógar. Þetta sumarið var ég með verkefnið bak við eyrað þar sem ekki náðist að fara í öll hverfi sem hefði þurft að taka síðasta sumar. Sama verklag var notað og síðasta sumar nema þetta árið voru eftirfarandi hverfi og götur teknar: Hólmatún, Vesturtún, Sjávargata, Blikastígur, Fálkastígur, Austurtún, Smáratún, Hátún, Heimtún, Blátún, Suðurtún, Skólatún, Brekkuland, Brekkuskógar, Miðskógar, Lambhagi, Varir og Kot.



Mynd: Gangstéttar kantsteinn á Álftanesi - Fyrir



Mynd: Gangstéttar kantsteinn á Álftanesi - Eftir

Hreinsun í kringum áhaldahúsið á Álftanes

Upp kom skemmtilegt verkefni sem var að taka til og gera snyrtilegt á svæðinu í kringum gamla áhaldahúsið á Álftanesinu. Aðstaðan hefur ekki verið notuð undir starfsemi í mörg ár og er svæðið aðeins nýtt núna undir geymslu og var ástand lóðarinnar í takt við það. Til nefna sem dæmi voru um 3 vörubíla hlöss af drasli fjarlægt af svæðinu sem umhverfishópar höfðu týnt saman og flokkað niður eftir járn, timbri, plasti og almennu rusli. Það er á áætlun bæjaryfirvalda að rífa húsið og eins og staðan er núna mun koma í staðinn bílaplan og fuglaskoðunarhús eða þess háttar. Því fyrir aftan lóðina er Kasthúsatjörnin og mýrar svæði þar sem margar fuglategundir halda sig.



Mynd: Hópar 2 og 7 að hjálpast að við að lyfta bárujárnsplötum við gamla áhaldahúsið á Álftanesi

Trjáskul í kringum tré stofna

Síðasta sumar kom upp tillaga að umhverfishópar færur í að kantskera í kringum tré og setja trjáskul í kringum þau. Þetta var mjög mannfrekt verkefni en var fullkomið þar sem nóg af fólki var til þess að sinna verkinu. Tillagan kom hins vegar ekki upp fyrr en seinni part sumarsins og ekki náðist að komast á alla þá staði sem óskandi hefði verið að komist hefði verið á. Þetta var því verkefni sem ég var með bak við eyrað að komast í ef tækifæri gæfist sem það gerði, það gafst meira að segja tími til að bæta á kurlið sem sett var síðasta sumar. Fjölmörg tré bæði Birkitré og Aspir voru tekin yfir allt sumarið og eru verkefnin of mörg til að telja þau öll upp hér. Til þess samt að nefna nokkur svæði má nefna Hnoðraholtbraut, Bæjarbraut, opið svæði milli Túnahverfis og Mýrahverfis og meðfram Arnarsneslæknum.



Mynd: Birkitré við Bæjarbraut - Fyrir



Mynd: Birkitré við Bæjarbraut - Eftir

Ruslatýnsla á Garðaholti

Það er hægt að segja að það sé hálfgerð lúxusvandamál í Garðabæ hversu lítið það sést af rusli á almannafæri. Helst þar sem maður getur séð það er þar sem það hefur safnast saman meðfram vegköntum eða fjörum. Umhverfishópar fóru á nokkra staði þá helst á Garðaholti til þess að týna það rusl sem safnast hefur saman á því svæði. Farið var með handtýnur og poka að vopni og gengið yfir svæðið í litlum hópum með stuttu millibili til að dekka sem stærsta svæðið.



Mynd: Hópur 9 að týna rusl á Garðaholti

Sandahlíð - Brúnarstígur


Byrjað var á þessu verkefni á síðasta sumri en aðeins lítill hluti var eftir í lok sumars eða um 90 m. Stefnan var því tekin í ár að klára verkið. Áður en hægt var að fara í að leggja sjálfan kurlstíginn þurfti að fara í smá undirbúningsvinnu. Slegin var lúpína 3 m á breidd þar sem stígurinn átti að koma, lúpínan var svo fjarlægð og allt grjót á svæðinu. Ég fékk svo traktor með stóran aftanívagn til þess að koma með kurl. Ganga þurfti svo með kurlið í hjólbörum um hálfan km upp hlíðina til þess að koma að kaflanum sem verið var að leggja kurlið í áframhaldið af stígnum frá sumrinu áður. Verkefnið gekk mjög vel fyrir sig og í heildina tók verkið innan við viku að klára.



Mynd: Ekkert búið að gera



Mynd: Búið að slá og fjarlægja lúpínu



Mynd: Stígur fullkláraður

Sjálandshátíð

Jónsmessugleði Grósku var haldin hátíðleg í tólfta sinn fimmtudaginn 24. Júní með þemanu „leiktjöld listanna“ en henni var aflýst í fyrra vegna COVID-19. Hátíðin er haldin við Strandstíginn í Sjálandshverfi og fengu verkin að standa fram til sunnudagsins 27. Júní. Umhverfishópar sáu um að koma fyrir staurum sem listamenn Grósku og gestalistamenn strengja listaverk sín á. Þeir sáu einnig um að taka þá niður, í heildina voru þetta u.þ.b. 90 staurar.



Mynd: Fólk að skoða listaverkin sem er búið er að strengja upp á staura
Ljósmynd: Nanna Guðrún

Framlenging flokkstjóra

Síðasti vinnudagur sjálfra umhverfishópanna var 19. júlí, það þýddi samt ekki að það væri ekki nóg af verkefnum eftir. Ég óskaði eftir og fékk leyfi fyrir að fá framlengingar fyrir 8 flokkstjóra sem að ég var búinn að taka út að höfðu staðið sig vel yfir sumarið með sína hópa og unnið vel með þeim. Framlenging flokkstjóranna varði til 6. ágúst og voru þetta því um þrjár vikur sem voru til stefnu frá því að hóparnir hættu. Vert er að taka fram að flestir flokkstjórarnir voru með samning langt fram að lokadegi svo ekki var mikið um sjálfa framlengingu þetta árið. Lengra vinnutímabil umfram hópana skýrist mest af því að flokkstjórar fá 10 vikur en ekki 7 vikur eins og hóparnir. Ef að átti að komast yfir öll verkefni sem ég var búinn að gera ráð fyrir að klára þurfti allt að ganga vel fyrir sig.

Fyrsta vikan – Lítil verkefni

Fyrsta verkefni sem þurfti að klára svo að hægt væri að einbeita sér að nýjum verkefnum var að ganga frá eftir umhverfishópana og fara yfir ákveðna hluti svo þeir væru í lagi fyrir næsta ár. Það þurfti að telja og ganga frá verkfærum og vinnuvestum, þrífa aðstöðu og ljúka öðrum smávægilegum verkefnum. Þegar það kláraðist var farið í að fara í fyrstu almennu verkefni. En í fyrstu vikunni voru þau mjög fjölbreytt og skipti ég niður í tveggja til þriggja manna hópa og úthlutaði hverjum hópi nokkur verkefni. Sem dæmi um verkefni var að hreinsa lítil beð hingað og þangað, fjarlægja arfahúrur víðsvegar um bæinn sem höfðu gleymst eða voru eftir, kurla nokkur tré sem höfðu gleymst, stinga upp njóla og kerfil um allan bæ, tyrfa yfir nokkra litla bletti og bera áburð og grasfræ á ógróið svæði við Urriðavatn.



Mynd: Áburður og grasfræ borin á svæði við Urriðavatn

Önnur vikan – Málningarverkefni

Vika tvö af þrjú fór öll í að mála. Eins og koma áður fram (bls 13) voru málningarverkefni sett í mína umsjá og fékk ég lista í hendurnar yfir þau verkefni sem þurfti að klára. Á þeim lista voru fjórar leikskóla lóðir og þurfti að mála mjög fjölbreytta hluti í fjölbreyttum litum. Til að nefna nokkur dæmi um hluti sem voru málaðir voru rólur, rennibrautir, leiktæki, ljósastaurar, girðingar, sandkassar o.fl. Inn á lóð Álftanesskóla voru svo máluð leiktæki, ljósastaurar og körfubolta staurar og sparkvöllur. Það seinasta sem komist var í voru leikvöllir á opnum svæðum og voru þeir þó nokkrir teknir. Allt þetta var klárað á einni viku og er það allt að þakka góðu skipulagi en allan aðbúnað og aðstöðu vantar fyrir málningarvinnu.



Mynd: Flokkstjórar að mála staura á sparkvöllinum á Álftanesi

Síðasta vikan - Stígagerð

Stærsta verkið sem farið var í á þessum þremur vikum var klárlega stígagerðin hjá Vífilsstöðum. Verkefnið kom til mín þegar ég var boðaður af Guðbjörgu Brá Gísladóttur deildarstjóra umhverfis og framkvæmda á verkstað til að fara fyrir verkefnið með viteigandi aðilum. Verkefnið var að leggja stíg í gegnum skóg en hann mundi byrja hjá Hjallastefnunni við Vífilstaði og tengjast inn á nýja gangstétt sem var verið að gera meðfram Vífilstaðaveginum. Stefnan var að klára verkið áður en flokkstjórnarnir hættu og þar sem að verkið var stórt fékk ég leyfi til að leigja sér tæki og tól til að vinna verkið.

Áður en hægt var að byrja á stignum sjálfum þurfti að skera niður tré og greinar sem þrengdu að þar sem stígurinn átti að koma. Til verksins fékk ég þaulreynda starfsmenn garðyrkjudeildarinn sem komu og sögu niður trén með keðjusögum og söfnuðu þeim saman í hrúgur. Þegar það var búið kom ég á 3 tonna smágröfu sem ég fékk á leigu og notaði til þess að grafa upp jarðvegin þar sem stígurinn átti að koma. Á sumum stöðum var farið niður um 40 cm og var allt efnið nýtt í að gera bakka meðfram stignum eða í landfyllingar til þess að gera stíginn jafnari. Það var mikið um rætur í jarðveginum sem þurfti að passa sig á og fullt af grjóti sem grafa þurfti úr stignum svo þau væru ekki hættuleg. Það tók mig 2 daga að grafa út stíginn og því næst skilaði ég inn gröfunni og fékk lítinn skotbómulyftara með lítilli skóflu framan á, sá var bæði liprari og fór hraðar yfir en grafan. Fyrsta verkið með nýja tækinu var að keyra í burtu með öll trén og greinarnar sem garðyrkjudeildin hafði skorið niður. Flokkstjórnarnir fóru yfir stíginn og skáru til ræturnar sem stóðu upp úr stignum og höfðu ekki náðst með gröfunni. Meðan þetta var að klárast var ég búinn að fá verktaka til að koma með mól og losa á bílaplanið við verkstaðinn. Mölinni keyrði ég í stíginn með því að gera litlar hrúgur sem flokkstjórnarnir dreifðu úr þannig að um 10 cm lag væri yfir öllu. Þegar það kláraðist fékk ég verktaka til að skipta út mölinni fyrir trékurl sem var sett sem efsta lagið í stíginn. Skilinn var eftir um 5 m kafli næst Hjallastefnunni þar sem aðeins var mól og var farið yfir hann með jarðvegsþjöppu. Þetta var gert svo að trjákurlið bærist síður inn á planið hjá Hjallastefnunni sem tók við af stignum þar sem hann endaði. Þegar búið var svo að bera í stíginn voru seinustu handtök sett í að mynda fallega kanta úr efninu sem ég hafði mokað upp með smágröfunni, planið er að það muni vaxa gras yfir þessa moldar bakka.





Mynd: Horft í austur frá efsta hluta á stígnum - Fyrir



Mynd: Horft í austur frá efsta hluta á stígnum - Eftir



Mynd: Horft í austur frá efstu beygju - Fyrir



Mynd: Horft í austur frá efstu beygju - Eftir



Mynd: Horft í austur frá miðjunni - Fyrir




Mynd: Horft í austur frá miðjunni - Í vinnslu




Mynd: Horft í austur frá miðjunni - Eftir




Mynd: Horft í norður frá miðjunni - Fyrir




Mynd: Horft í norður frá miðjunni - Í vinnslu



Mynd: Horft í norður frá miðjunni - Eftir



Mynd: Horft í norður frá neðri hluta - Fyrir



Mynd: Horft í norður frá neðri hluta - Eftir

Ýmis verkefni sem ég hef komið að á einn eða annan hátt

Atvinnutengd frístundaúrræði fyrir fötluð ungmenni í Garðabæ

Þjónusta Garðabæjar við fatlað fólk miðar að því að tryggja jafnrétti og skapa skilyrði til að lifa eðlilegu lífi og taka virkan þátt í samfélaginu. Úrræðið fólst í að bjóða fötluðum ungmenum umhirðutengd verkefni samhliða umhverfishópum til hádegis og frístund eftir hádegi. Stuðningsaðilar fylgdu þjónustunotendum til vinnu og í frístund. Markmið með starfinu er að efla félagsleg tengsl og virkja ungmennin til sjálfstæðis.

Þetta samstarf gekk ágætlega. Stuðningsaðilar höfðu beint samband við mig sem úthlutaði þeim verkefnum sem hentuðu vel að vinna og reynt var að hafa verkefnin fjölbreytt. Nokkrir einstaklingur með greiningar sem ég vissi af unnu í almennum umhverfishóp og í því samkomulagi komu engin vandamál upp sem ekki var hægt að leysa.



Mynd: Starfsmenn frístundar



Mynd: Starfsmenn frístundar að arfhreinsa



Mynd: Starfsmenn frístundar hjálpast að við að hreinsa beð við Lyngmóa

Ágengar tegundir - kerfill, lúpína, njóli og bjarnarkló

Reynt var eftir bestu getu að halda þessum tegundum í skefjum með orfaslætti og klippingu. Hefðin hefur verið að flokkstjórar umhverfishópa hafa farið í yfirvinnu og slegið með orfi þessar tegundir en þar sem að það var stefna bæjaryfirvalda að það væri yfirvinnubann var ekki hægt að fara þá leið. Ég þurfti því að finna aðra lausn á því að halda þessum tegundum niðri. Lausnin var alls ekki eins afkastamikil og orfasláttur en hún var að senda hópa með klippur og stunguskóflur til þess að uppræta og klippa niður plönturnar. Til að nefna nokkra staði sem farið var á til að fjarlægja þessar ágengu tegundir má nefna manirnar við Ásahverfi, Vífilsstaði, Vífilsstaðavatn, Álftanes og meðfram göngustígnum hjá sjónum í Sjálandshverfi.

Bjarnarkló getur verið mjög skaðleg og myndar eiturefni þannig að safi hennar veldur bruna á hörund í sólarljósi eða í UV-geislun. Þess vegna eru verkferlarnir þeir að ef hún finnst þá þarf að vera í góðum hlífðarfatnaði og með hlífðargleraugu þegar á að fjarlægja hana. Jóhanna Kristín Jóhannsdóttir sem er garðyrkjufraeðingur garðyrkjudeildar er oftast fengin til að fjarlægja bjarnarklærnar með sínum hóp þegar þær uppgötvast. Þeir staðir sem hún fannst aðallega á í ár voru við Arnarneslæk, Vífilsstaðavatn, Álftanesi, Hæðahverfi og Búðahverfi.



Mynd: Hópur 7 að klippa niður lúpínu við Vífilsstaðavatn



Mynd: Búið að fjarlægja lúpínu við Vífilsstaðavatn og setja í poka

Hreiðurstæði fyrir flórgoðann á Vífilsstaðavatni

Höfundur: Ásta Leifsdóttir

Fuglalífið er fjölskrúðugt við Vífilsstaðavatn og eru flórgoðar sérstaklega velkomnir gestir. Yfirleitt byggja flórgoðar sér hreiður í stararbreiður við bakkann en slíkan vatnagróður er ekki að finna í Vífilsstaðavatni. Til að hjálpa flórgoðum að koma upp hreiðri og ungum hafa starfsmenn Garðabæjar á hverju vori síðan 2014 sett hreiðurstæði úr birki- og víðigreinum út í Vífilsstaðavatn. Allt frá upphafi hafa flórgoðar þegið aðstoðina og nýtt sér hreiðurstæðin til hreiðurgerðar og hafa þar með gert áhugasömum gestum friðlandsins kleift að fylgjast með atferli þessa sérstaka og skemmtilega fugls, nálægt landi. Að loknu varpi þegar flórgoðar hafa yfirgefið hreiðurstæðin má oft sjá aðrar fuglategundir, með eða án unga, nota hreiðurstæðin sem griðastað.

Síðastliðið vor voru útbúin þrjú hreiðurstæði úr nýjum trjágreinum sem síðan voru fest ofan á gömlu hreiðurstæðin frá því í fyrra. Nýjum greinabúntum er árlega bætt ofan á hreiðurstæðin svo greinarnar lafgist til prýði og veiti aukið skjól gegn vatni og vindum. Í upphafi varptímabilsins 15. apríl var norðurendi Vífilsstaðavatns enn ísi lagður. Af þeim sökum var beðið til 20. apríl með að festa hreiðurstæðin út í vatn, en þann dag voru 30 flórgoðar samtímis á vatninu og flestir þeirra virtust vera pör. Yfir sumarið lágu flórgoðar á hreiðri í öllum þrem hreiðurstæðunum, á tímabili tvö pör samtímis í einu þeirra. Þegar leið á sumarið náði vatnagróðurinn að yfirborði vatnsins og þá byggðu nokkur flórgoðapör sér flothreiður ofan á vatnagróðurinn. En í miklu votviðri eða öldugangi og vindi tæstast slík flothreiður iðulega í sundur og eyðileggjast á Vífilsstaðavatni.

Í sumar sá Náttúrustofa Suðvesturlands um vöktunarverkefni á flórgoðum við Vífilsstaðavatn.

Vöktunarverkefnið *Rannsókn á áhrifum umferðar manna á varpárangur flórgoða* er hluti af stærra verkefni stjórnvalda með yfirskriftina *Vöktun náttúruverndarsvæða*. Verkefnið við Vífilsstaðavatn fólst í því að setja upp vöktunarmyndavélar við hreiður flórgoða til að vakta varpárangur á vatninu. Álega flórgoða er 22-25 dagar og átti hver myndavél að fylgjast með flórgoðahreiðri í ca. 30 daga og taka ljósmynd á 5 mínútna fresti. Til stóð að vakta 5 hreiður. Á vöktunartímabilinu var veður oft óhagstætt kalt og hvasst, af og til slagveður. Af þeim sökum misfórst varpið hjá nokkrum pörum, sumhver urpu þó tvisvar. Afföll urðu einnig vegna minks sem eyðilagði eitt hreiður en atvikið náðist á mynd í vöktunarmyndavél. Minkur var einnig grunaður um að hafa eyðilagt annað flórgoðahreiður í vatninu. Í báðum tilfellum var langt komið á áleguna og var unga að vænta innan fátíðra daga. Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrustofu Suðvesturlands komust tveir flórgoðaungar á legg á Vífilsstaðavatni í sumar.

Meindýraeyðir með minkahunda var kallaður upp á Vífilsstaðavatn í tvígang í sumar. 22. júní þegar tvö álfarungahræ fundust rétt norðan við bryggjuna og 13. júlí þegar minkur sást hlaupa um á norðvesturbakkanum. Í hvorugt skiptið fannst minkur við vatnið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026



Mynd: Hreiðurstæði flórgoða er hnýtt úr birki- og víðigreinum. (Ljósmynd: 16. apríl 2021)



Mynd: Nýtt hreiðurstæði er tryggilega fest ofan á gamalt hreiðurstæði frá í fyrra með nælon snúrum og trésköftum sem rekin eru í gegnum greinabúntin djúpt niður í vatnsbotninn. (ljósmynd: 20. apríl 2021)



Mynd 1: Flórigoðapar sýnir nýuppsettu hreiðurstæði áhuga. (Ljósmynd: 5. maí 2021)



Mynd: Vöktunarmyndavélar Náttúrustofu Suðvesturlands vaktar varpárangur flórigoða á náttúrulegu flothreiðri og flórigoða á hreiðri í manngerðu hreiðurstæði. (Ljósmynd: 7. júlí 2021)

Loftmyndir


Loftmyndir af mismunandi vinnusvæðum þar sem umhverfishópar hafa starfað í sumar.

Litirnir skilgreina mismunandi verkefni

- Rauður – Viðhald stíga
- Gulur – Stígagerð
- Grænn – heyrakstur og hirðing
- Blár – Ýmis umhirðuverkefni
 - Beðahreinsun
 - Þökulögn
 - Málningarvinna
 - Fjarlægja girðingar
 - Fjarlægja ágengar tegundir
 - o.fl.



Mynd: Loftmynd af vinnusvæðum á Álftanesi



Mynd: Loftmynd af vinnusvæðum í útmörkinni (inn á myndina vantar verkefni sem var inn í Heiðmörk)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026



Mynd: Loftmynd af vinnusvæðum í Urriðaholti



Mynd: Loftmynd af Vinnusvæðum í miðbæ Garðabæjar

Þátttaka ungra Garðbæinga í sumarvinnu hjá bænum gefur þeim góða og gagnlega innsýn í hvað bærinn þeirra hefur margt upp á að bjóða. Þau hafa tekið þátt í uppbyggingu svæða, umhirðu opinna svæða, áttað sig á útbreiðslu ágengra tegunda í flóru bæjarlandsins, fylgst með fuglalífi í friðlandi Vífilsstaðavatns og ekki síst kynnst víðerni bæjarlandsins. Eins og áður hefur komið fram var mikil aðsókn sumarstarfsfólks þetta árið en þó minna en frá metári árinu á undan. Ég geri ráð fyrir að á næsta ári verði minni aðsókn sem helst í hendur við minnkandi áhrif ástandsins vegna Covid-19.

Ég vil sjá áfram gott samstarf milli garðyrkjudeildar og umhverfishópa. Samskipti við alla er á besta máta og samstarfið við sláttuhópa er gott. Áfram mætti samt bæta í samstarfið við Jóhönnu garðyrkjufræðing garðyrkjudeildar varðandi gróðursetninga á sumarblómum fyrir umhverfishópa og er ég bjartsýnn á að svo verði á næsta ári.

Gott samstarf við skóræktarfélag Reykjavíkur þetta sumarið verður vonandi ræktað betur á næsta ári með fleiri sameiginlegum verkefnum sem umhverfishópar taka þátt í. Það er draumur minn að umhverfishópar munu á næsta sumri leggja meiri áherslu á útmörkina og fá fleiri verkefni til að sinna þar.

Óskandi væri að betra samstarf verði við vinnuskólann en skipulagi og stjórnunarháttum innan vinnuskólans var mjög ábótavant. Það sást á þeim svæðum sem voru í umhirðu vinnuskólans, en umhverfishópar þurftu að yfirfara beðin svo ásýnd bæjarins væri til sóma.

Til að verkefni gangi hratt og örugglega fyrir sig er mikilvægt að umhverfishópar hafi aðgang að minnsta kosti tveimur bílum. Vinnuhópar eru oftast dreifðir um allan bæinn og einnig er nóg af verkefnum sem umhverfishópar gætu tekið að sér ef þeir væru færanlegri. Það mætti einnig fara að skoða að finna nýja aðstöðu fyrir umhverfishópana þar sem rökstuðningur er fyrir því að öll málningarverkefni verði færð yfir á umhverfishópana. Til þess að það gangi upp þarf betri aðstöðu svo hægt sé að sinna því sómasamlega. Ég hefur fulla trú á að stjórnendum innan Garðabæjar tækli þau mál og er ég nú þegar búinn að gera þeim hugmyndir mínar skýrar.

Það er mikilvægt að yfirflokkstjóri fái áfram sumarstarfsfólk og það aðstoðarfólk sem hann þarf til að sinna verkefnum á náttúru- og útivistasvæðum í bæjarlandinu, enda nauðsynlegt að halda áfram umhirðu á svæðum ofan byggðar sem fjallað er um hér í skýrslunni.

Niðurlag

Sumarvinna unga fólksins gefur þeim nýja sýn á bæinn sinn. Verkefnin sem umhverfishóparnir unnu nýliðið sumar voru mörg og fjölbreytt og eiga það sameiginlegt að vera mannaflafrek, ungmennin hafa vonandi lært eitthvað af og taka með sér lærdóm og verkvit sem þau geta nýtt sér í framtíðinni.

Eins og hefðin hefur verið síðastliðin ár var haldið grill fyrir sumarstarfsfólk umhverfishópana. Það var gert á skógræktar- og útivistasvæðinu Sandahlíð 9. júlí og 16. júlí. Vegna fjölda ungmenna var ákveðið að skipta þeim í tvo hópa.

Fyrir hönd umhverfishópa vill ég þakka gott samstarf við Smára Guðmundsson garðyrkjustjóra, Lindu Jóhannsdóttur verkefnastjóra garðyrkjudeildar, Ástu Leifsdóttur landvörð, Jóhönnu Kristínu Jóhannsdóttur garðyrkjufræðing, Sigurð Hafliðason forstöðumann áhaldahúss, Matthías Ólafsson Yfirverkstjóra áhaldahúss, Guðbjörgu Brá Gísladóttur deildarstjóra umhverfis og framkvæmda, Ingu Þóru Þórarinsdóttur mannauðsstjóra, Hauk Stein Helgason kjarafulltrúa, Söru Þrastardóttur kjarafulltrúa, Ríkeyju Jónu Eiríksdóttur kjarafulltrúa og Elínu Guðnýju Gunnarsdóttur kjarafulltrúa, Þorlák Ásmundsson rútubílstjóra og annað starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar og Garðabæjar.

Þá bera að þakka sérstaklega flokkstjórum umhverfishópa og öllum þeim ungmönnum sem störfuðu hjá umhverfishópum Garðabæjar og Hreinn bær – Betri bær í sumar fyrir þeirra framlag að snyrta og fegra bæinn.

Að lokum vill ég þakka Ástu Leifsdóttur, Lindu Björk Jóhannsdóttur og Arnari Má Árnasyni fyrir aðstoð, yfirlestur og góðar ábendingar við vinnslu þessarar skýrslu.



Brynjar Snær Arnarsson

Yfirflokkstjóri umhverfishópa og Hreinn bær – Betri bær

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026